

Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar  
b/t Vigfús Björnsson  
Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi  
601 Akureyri

Reykjavík, 18. nóvember 2019  
UST201911-021/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Frístundabyggð í Sunnuhlíð – Grýtubakkahreppur**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Grýtubakkahrepps er barst 4. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Sunnuhlíð í Grýtubakkahreppi.

Í greinargerð kemur fram að markmið með deiliskipulagstillögunni er að ráðast í heildarendurskoðun á núgildandi deiliskipulagi frístundabyggðarinnar, en samkvæmt núgildandi deiliskipulagi eru alls tuttugu frístundahúsalóðir. Fjölgað er um eina lóð í endurskoðun þessari og nú þegar er búið að reisa frístundahús á fimmtán lóðum innan skipulagssvæðisins. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 14 ha.

Auk þess kemur fram að heimilt er að byggja eitt frístundahús auk aðstöðuhúss innan hvernar lóðar og er hámarksbyggingarmagn innan hvernar lóðar er 170.0 m<sup>2</sup>.


#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999, en mikilvægt sé að mati stofnunarinnar að það komi fram í greinargerð tillögunnar. Auk þess bendir stofnunin á að ekki er fjallað um fráveitu í skýringum á uppdrætti.

Virðingarfyllt



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur